

Mál nr. 216/2009
M og
Vátryggingafélagið V v. frjálsrar ábyrgðartryggingar Í

Slys þegar maður klemmdist á hendi þegar verið var að hífa mót upp á vörubíl þ.31.1.2007.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 18.6.2009 ásamt fylgiskjölum 1-7
2. Bréf V dags. 7. 7.2009 ásamt fylgiskjölum 1-3

Málsatvik.

M slasaðist á hendi þegar hann klemmdist á löngutöng vinstri handar þegar verið var að hífa stafla af steypumótum á vörubílspall. Vitni segir að M hafi verið að stýra stæðunni sem verið var að hífa þegar slinkur hafi komið á hana með fyrrgreindum afleiðingum. M segir að hann hafi haldið við stæðuna til að reyna að koma henni á réttan stað og telur sig hafa verið með höndina á röngum stað á röngum tíma. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu Í hjá V og segir lögmaður M að slysið hafi orðið vegna gáleysis stjórnanda kranans sem var að hífa í umrætt sinn en stjórnandinn sé starfsmaður Í og því Í ábyrgt fyrir mistökum starfsmanns síns. V hafnar bótaskyldu og vísar til þess að ekki hafi verið sýnt fram á saknæma eða ólögmeta háttsemi vátryggingartaka eða starfsmanna hans.

Álit.

Engin gögn liggja fyrir í málinu sem benda til þess að aðbúnaði eða tækjum hafi verið ábótavant í umrætt sinn. Þá hefur ekki verið sýnt fram á að slysið verði rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanns Í og þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu Í hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu Í hjá V.

Reykjavík 5.8. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.